

Tólablauð

2025



Ungmennafélagið Njarðvík





Mikill ávinningur í einstöku félagi

Ávarp Erlings R. Hannessonar, formanns UMFN



Nú þegar árið er á enda er ánægjulegt að líta um öxl og sjá hversu mikið hefur áunnist í okkar einstaka félagi. Við stefnum ávallt á framfarir, hvort sem það er innan vallar eða utan, og árangurinn er afrakstur samstöðu, eljusemi og óbilandi stuðnings. Stelpurnar í körfunni skrifuðu magnaða sögu á árinu þegar þær tryggðu félaginu bikarmeistaratitil kvenna. Aðeins örlítil heppni og nokkur atriði sem betur máttu fara skildu þær frá Íslandsmeistaratitlinum. Þær sýndu ótrúlegan karakter, baráttu og metnað sem við getum öll verið afar stolt af. Drengirnir í körfunni stóðu sig einnig

með þrýði. Þeir léku góða deildarkeppni, enduðu í 3. sæti og voru aðeins tveimur stigum frá því að verða deildarmeistarar. Starfið í kringum körfuna er í mikilli sókn á nýjum heimavelli og virkilega gaman að fylgjast með.

Í knattspyrnunni náðum við ógleymanlegum árangri þegar stelpurnar í meistaraflokki tryggðu sér sæti í Bestu deildinni á sínu fyrsta ári í samstarfi Grindavíkur og Njarðvíkur! Þetta var stórkostleg stund sem við munum seint gleyma. Við hlökkum til að mæta á völlinn í sumar og styðja þær í baráttunni í efstu deild. Strákarnir í meistaraflokki karla voru einnig nálægt því að komast upp en misstu naumlega af sæti í Bestu deildinni. Þeir sýndu með frammistöðunni að markmiðið er raunhæft og innan seilingar og við vitum að þeir stefna ákveðnir upp um deild á næsta tímabili.

Lyftingadeild UMFN – Massi hefur átt frábært ár. Þegar þau eru ekki að keppa hafa þau unnið að því að bæta aðstöðuna sína, og þar er nú hálfverk unnið. Með von um fjármögnun frá bæjaryfirvöldum munum við von bráðar sjá aðstöðuna tilbúna eins og við viljum hafa hana. Innan vallar blómstrar öflugt og metnaðarfullt starf sem hefur skilað fjölmörgum glæsilegum árangri, Íslands-, Evrópu- og heimsmetum. Elsa Páls heldur áfram að vinna Evrópu- og heimsmeistaratitla. Stefnan er sett á markvissara unglíngastarf og því má segja að framtíð deildarinnar sé björt og spennandi.

Þríþrautadeildin fær sérstakt hrós. Starf þeirra einkennist af samveru, góðum félagsskap og miklum dugnaði. Þau eru frábær fyrirmynd fyrir alla og ég hvet ykkur til að prófa.

Í sunddeildinni hafa einnig átt sér stað frábærir hlutir. Þar ber hæst árangur Guðmundar Leó, sem hefur stimplað sig inn sem einn efnilegasta sundmann landsins. Afrek hans eru okkur öllum innblástur. Mikill kraftur er í sunddeildinni, sem keppir sameiginlega undir Sundráði ÍRB með sunddeild Keflavíkur. Fjölgun iðkenda hefur verið mikil og gaman er að fylgjast með þessu samstarfi.

Rafíþróttadeildin hefur nú fest sig í sessi í glæsilegri aðstöðu í Akurskóla. Rafíþróttir hafa á örfáum árum þróast úr áhugamáli í keppnis- og félagsstarfsemi, og sífellt fleiri sækja í starfið.

Á árinu bættist okkur liðsauki á skrifstofu félagsins þegar Einar Árni Jóhannsson tók við stöðu íþróttastjóra UMFN. Það hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif að vera nú með starfandi skrifstofu alla daga ársins, með framkvæmdastjóra, íþróttastjóra og fjármálastjóra. Þetta er stórt skref frá því þegar aðeins einn framkvæmdastjóri í hálfu starfi bar hitann og þungann. Þessi breyting styrkir allt faglegt utanumhald og skilar sér í betri þjónustu, skipulagi og stefnumörkun. Í lokin vil ég hvetja alla Njarðvíkinga, foreldra, iðkendur og vini UMFN til að mæta á viðburði félagsins, styðja okkar frábæra íþróttafólk og taka þátt í að gera árið 2026 enn betra. Stuðningur samfélagsins er hjartað í öllu sem við gerum, og saman höldum við áfram að byggja upp félag sem við getum öll verið eindregið stolt af.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Erlingur Rúnar Hannesson
Formaður UMFN



Aðalfundur UMFN 2025

Aðalfundur Ungmennafélags Njarðvíkur fór fram í Ljónagryfjunni sunnudagskvöldið 28. apríl 2025. Fundurinn var vel sóttur og sátu hann tæplega 60 félagsmenn og gestir. Fyrir fundarsetningu afhenti Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ viðurkenningar til deilda UMFN fyrir vottun sem fyrirmyndardeildir, en lyftinga-, sund-, knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild hlutu slíka viðurkenningu.

Fundurinn var formlega settur af fráfarandi formanni Ólafi Eyjólfssyni og Stefán Thordersen var kjörinn fundarstjóri. Skýrsla stjórnar og ársreikningar voru kynnt og samþykkt, og ein lagabreyting samþykkt og annarri vísað til stjórnar til áframhaldandi vinnslu.

Nýr formaður UMFN

Kosin var ný stjórn félagsins. Erlingur R. Hannesson var kjörinn formaður til eins árs og í aðalstjórn voru kosnar Einara Lilja Kristjánsdóttir, Þórdís Björg Ingólfsdóttir og Guðný Björg Karlsdóttir til tveggja ára. Í varastjórn voru kosin Anna Andrésdóttir og Trausti Arngrímsson.



Íþróttafólk UMFN 2024

Þrípraut

Hanna Rún Viðarsdóttir
Börkur Þórðarson

Knattspyrna

Aron Snær Friðriksson

Körfuknattleikur

Mario Matasovic
Emilie Hesseldal

Kraftlyftingar

Elsa Pálsdóttir
Hörður Birkisson

Ólympískar lyftingar

Katla Björk Ketilsdóttir

Sund

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir
Guðmundur Leo Rafnsson

Íþróttafólk UMFN 2024

Emilie Hesseldal
Guðmundur Leo Rafnsson





Heiðursmerki UMFN og Ólafsbikarinn

Það var sérstaklega skemmtilegt þegar félagsmenn voru heiðraðir fyrir störf sín og framlag til UMFN. Bronsmerki hlutu Viðar Einarsson fyrir störf í knattspyrnudeild, silfurmerki hlutu Kristinn Björnsson fyrir störf sem leikmaður og stjórnarmaður í knattspyrnu og Anna Andrésdóttir fyrir stjórnarstörf hjá UMFN. Gullmerki hlutu Árni Ármannsson fyrir víðtæk störf í knattspyrnudeild og Rafn Alexander Júlíusson fyrir áratugalangt starf í sundi, fótbolta og körfu.

Tveir einstaklingar hlutu gullmerki með lárviðarsveig – æðstu heiðursviðurkenningu félagsins. Gunnar Þórarinnsson var heiðraður fyrir yfir 40 ára störf í þágu UMFN og íþróttahreyfingarinnar á Suðurnesjum. Þá hlaut Gunnar Þorvarðarson einnig gullmerki með lárviðarsveig fyrir einstakan feril sem leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður í körfuknattleiksdeild félagsins. Ólafsbikarinn 2024, sem veittur er fyrir framúrskarandi framlag, hlaut Birna Ósk Óskarsdóttir.

Fundinum lauk á ávarpi nýkjörins formanns, Erlings Hannessonar, sem þakkaði traustið og lýsti yfir vilja til að efla félagið enn frekar á næstu árum.

Aðalstjórn og deildir félagsins færa Ólafi Eyjólfssyni sérstakar þakkir fyrir sitt óeigingjarna starf fyrir félagið til fjölda ára.





Kæru Njarðvíkingar



GRJÓTGARÐAR EHF

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Gleðilega hátíð!



IceMar

Áfram Njarðvík!



Hjalte Már Brynjarsson, formaður knattspyrnudeildar Njarðvíkur

Tímabil tilfinninga í fótboltanum

Kæru Njarðvíkingar!

Það er komið að þeim tíma ársins þegar maður sest niður með heitan kakóbolla, horfir yfir liðið sitt og hugsar: *“Já, þetta var aldeilis ferðalag.”*

Og ferðalag var það – frá fyrsta snjónum í maí til síðustu stressmínúttunnar í haust.

Karlaliðið – þetta var tímabil með tilfinningum

Strákarnir okkar í meistaraflokki karla gerðu okkur bæði gráhærðari og stolta í sumar. Á góðum degi voru þeir óstöðvandi – spiluðu flottan, hraðan fótbolta og gáfu okkur mörk sem ættu heima í jólakortum.

Svo komu auðvitað dagar þar sem allt gekk öfugt... eins og gengur í fótbolta, og sumir okkar gengu töluvert eftir á vellinum eftir leiki (já, ég tek mig með í það).

En heilt yfir:

liðsheildin styrktist, ungu strákarnir sprungu út og það var greinilegt að við erum að byggja upp lið sem á mikið inni.

Það er gaman að vera Njarðvíkingur þegar maður sér hvað þetta er að taka sig.

Kvennaliðið – bara... vá!

Svo höfum við sameinaða kvennaliðið okkar, Grindavík/Njarðvík – og ég held við séum öll ennþá hálfforviða yfir því hvað þær gerðu í sumar. Þær mættu í verkefnið með hjartað á réttum stað, trú á hvor aðra og svo frábæran hóp að maður fann það strax:

“Þetta gæti orðið alvarlegt.”

Og alvarlegt varð það. Þær spiluðu frábæran fótbolta allt sumarið, börðust fyrir hverri einustu sendingu og þegar kom að lokasprettinum stigu þær upp eins og sannir atvinnumenn.

Síðan tóku þær þetta endanlega með því að tryggja sér sæti í **Bestu deildinni** – sem er ekki bara stórt skref, heldur risastökk fyrir allt okkar kvennastarf.

Þessi árangur mun hafa áhrif á heila kynslóð ungra stúlkna í Njarðvík og Grindavík. Það er kannski það fallegasta við þetta allt saman.





En – og þetta er mikilvægt – ekkert af þessu gerist án ykkar

Við erum ótrúlega heppin. Við eigum stuðningsmenn sem mæta í hvaða veðri sem er, sjálfbóaliða sem sjá um allt það sem enginn sér en allir treysta á, og ráð og stjórnir sem halda okkur á réttri braut – jafnvel þegar verkefni hrúgast upp.

Takk fyrir öll handtökin, alla tímana, allt hjartað sem þið hafið sett í þetta.

Þið eruð ástæða þess að þetta samfélag er svona öflugt.



Árið 2025 var stórt – árið 2026 gæti orðið enn stærra.

Við erum klár í það.

Ég óska ykkur gleðilegra jóla, friðar, góðs matar og þess að þið finnið lyktina af nýsléttuðum grasvellinum um leið og snjórinn fer (sem er vonandi um miðjan febrúar).

Áfram Njarðvík!

**Með hlýjum kveðjum,
Formaður Knattspyrnudeildar Njarðvíkur
Hjalti Már Brynjarsson**



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Lokahóf knattspyrnudeildar 2025

Í september fór fram lokahóf Njarðvíkur þar sem fagnað var flottum árangri sumarsins.

Annarsvegar fögnuðum við því að sameiginlegt kvennalið okkar og Grindavíkur fóru uppí Bestu deild kvenna, og hinsvegar besta árangri í sögu karlaliðs okkar þrátt fyrir vonbrigðaendi. Veitt voru verðlaun bæði karla- og kvennamegin. Verðlaunahafa má sjá hér til hliðar.

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir leikjafjölda en eftirfarandi leikmenn fengu viðurkenningar:

50 leikir: Aron Snær Friðriksson, Freysteinn Ingi Guðnason, Svavar Örn Þórðarson og Tómas Bjarki Jónsson.

100 leikir: Sigurjón Már Markússon og Oumar Diouck.

250 leikir: Arnar Helgi Magnússon.



Meistaraflokkur karla

Besti leikmaður

Oumar Diouck

Efnilegastur

Davíð Helgi Aronsson

Markahæstur

Oumar Diouck

Bestur að mati stuðningsmanna

Joao Ananias

Meistaraflokkur kvenna

Besti leikmaður

Tinna Hrönn Einarsdóttir

Efnilegust

Júlía Rán Bjarnadóttir

Mikilvægust

Danai Kaldaridou

Markahæst

Tinna Hrönn Einarsdóttir

Best að mati stuðningsmanna

Emma Fanndal Jónsdóttir

Nýtt þjálfarateymi karlamegin

Breytingar hafa orðið á þjálfarateymi meistaraflokks karla á næsta tímabili. Davíð Smári Lamude hefur verið ráðinn aðalþjálfari liðsins og verður Halldór Geir Heiðarsson, Donni, honum til aðstoðar. Jón Aðalgeir Ólafsson hefur þá verið ráðinn styrktarþjálfari liðsins. Mikil styrking en á sama tíma viljum við þakka fyrra teymi fyrir frábæra tíma og óskum þeim velfarnaðar á nýjum slóðum.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Davíð Smári Lamude, nýr þjálfari karlaliðsins í knattspyrnu:

Mikil og góð orka í Njarðvík

Davíð Smári Lamude, nýráðinn þjálfari karlaliðsins kom til okkar í smá spjall fyrir nýtt tímabil. Davíð Smári þjálfaði síðast Vestra og gerði þá að bikarmeisturum síðasta tímabil. Mikil tilhlökkun er í Njarðvík fyrir störfum Davíðs.

Hvernig leggst tímabilið 2026 í þig og hver eru markmiðin?

Tímabilið leggst bara mjög vel í mig. Æfingar hafa gengið vel, leikmenn leggja hart að sér og eru opnir fyrir nýjum hugmyndum og áherslum. Það er mikil orka í Njarðvíkurliðinu og margir leikmenn hafa komið mér skemmtilega á óvart og þar má kannski sérstaklega nefna þessa ungu leikmenn sem eru í 2. flokki eða við það að ganga upp. Þeir hafa verið frábærir.

Hvernig er að vera orðinn þjálfari Njarðvíkur?

Það er mjög spennandi að vera orðinn þjálfari Njarðvíkur. Okkur hefur tekist gríðarlega vel í að búa til virkilega gott teymi í kringum liðið í Donna Geir, Jóni Aðalgeir og svo auðvitað Heski sem var hérna áður. Ég er virkilega sáttur með þetta teymi. Það eru allir á sömu blaðsíðu í Njarðvík. Stjórn, leikmenn og þjálfarar eru tilbúnir til að leggja allt á sig til að liðið getið tekið næsta skref, bæði í umgjörð og árangri og það er þannig umhverfi sem ég vil vinna í og það er þannig umhverfi sem stuðningsmenn taka líka næsta skref og það verður okkur gríðarlega mikilvægt til að markmiðin náist í sumar.



Hvernig tilfinning var að landa bikarmeistaratittlinum með Vestra?

Að landa bikarmeistaratitli með Vestra er augnablik sem ég set næst á eftir fæðingu barnanna minna. Stórkostleg stund sem ég átti þar með leikmönnum, þjálfurum og síðast en ekki síst stuðningsmönnum Vestra. Ég verð þeim ævinlega þakklátur fyrir stuðninginn sem ég fann frá þeim, ekki bara á Laugardalsvelli, heldur allan minn tíma þar sem þjálfari liðsins. Ég vona að við getum búið til svona ógleymanlegar minningar með Njarðvík, það er auðvitað stefnan.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár í boltanum?

Í fótbolta hugsar maður aldrei langt fram í tímann. Eins og gamla tuggan segir: það er bara næsti leikur og að bæta sig, og ég er þar. Ég vil bara bæta mig sem þjálfari frá degi til dags og svo sjáum við hvað setur. Það hefur virkað fínt fyrir mig hingað til. Fyrir akkúrat tíu árum síðan var ég að byrja þjálfva í neðstu deild á Íslandi. Sá tími hefur verið mér gríðarlega gjöfull, og við höldum áfram...



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Gylfi Tryggvason, þjálfari meistaraflokks kvenna í knattspyrnu:

Ólýsanleg tilfinning að fara upp

Gylfi Tryggvason tók við glænýju liði Grindavíkur/Njarðvíkur fyrir síðasta tímabil og má með sanni segja að árangurinn hafi verið góður. Á hans fyrsta tímabili með liðið komst liðið upp um deild og spilar í deild þeirra bestu á næsta tímabili. Við hleruðum Gylfa aðeins.

Hvernig var tilfinningin að koma liðinu upp í Bestu deildina frekar óvænt?

Tilfinningin var ólýsanleg. Úrslitaleikurinn við HK var líklega fjölmennasti leikur í sögu kvennaboltans á Suðurnesjunum. Það var algjörlega frábært að sjá stúkuna fulla og að geta fagnað með öllu frábæra fólkinu sem hefur stutt liðið. Líklega hefur þetta komið flestum á óvart, okkur var spáð 7. sæti fyrir mót. Ég hafði alltaf trú á leikmannahópnum og finnst við eiga marga frábæra fótoltamenn. En að allt smelli svona snemma saman er auðvitað magnað og þetta tímabil í heild sinni var ógleymanlegt.

Hvernig meturðu næsta tímabil í Bestu deildinni?

Ég met það svo að næsta tímabil verði ótrúlega skemmtilegt og krefjandi. Það hefur verið frábært að sjá áhugann aukast á liðinu með hverjum deginum, auðvitað helst árangur inn á vellinum í hendur við stuðning og áhuga. Nú erum við komin í deild þeirra bestu og þá þurfum við besta stuðning sem hægt er að fá. Við höfum farið langt á sterkri liðsheild og mikilli gleði og við ætlum að taka það með okkur í næsta tímabil. Við vitum að þetta verður erfitt en við verðum til í slaginn þegar fyrsti leikur verður flautaður á.





Hver er staðan á hópnum?

Staðan á hópnum er fín. Hópurinn æfir vel og er að mestu leyti meiðslafrír. Við höfum þrefaldað kjarna íslensku leikmannanna í félaginu á einu ári sem verður að teljast jákvætt. Að því sögðu þurfum við að stækka hópinn enn frekar því við munum þurfa á meiri breidd að halda fyrir næsta tímabil þar sem við spilum fleiri leiki og með minna millibili heldur en við gerðum í fyrra. Við erum að vinna í því í rólegheitunum, bæði innanlands og erlendis.

Hvernig sérðu fyrir þér kvennafótboltann hjá Grindavík/Njarðvík á næstu árum?

Ég sé fyrir mér bjarta tíma ef haldið er rétt á spöðunum. Við þurfum að halda áfram að byggja ofan á árangur síðasta árs, megum ekki verða södd þó gengið hafi verið gott á síðasta tímabili. Félagið hefur öflugt fólk á bak við sig sem er ómetanlegt. Það er mikill metnaður og vilji og það fleytir manni langt. Ungir iðkendur mæta á völlinn og styðja Grindavík/Njarðvík, jafnvel klæddir í búning liðsins, sem mér finnst mikils virði fyrir samfélagið. Við ættum að huga að því að fjölga iðkendum í yngri flokkum til að efla kvennaknattspyrnu á svæðinu. Nú hafa stelpurnar frábærar fyrirmyndir í meistaraflokknum sem þær geta stutt og litið upp til. Ég vil sjá miklu betri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á Suðurnesjunum. Það þarf að fjölga gervigrasvöllum á svæðinu umtalsvert, þannig er hægt að ráða við fjölgun í yngri flokkunum. Yngri flokkarnir eru framtíðin og það þarf að hlúa vel að þeim.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Yngri flokkar knattspyrnudeildar:


Viðburðaríkt og skemmtilegt ár

Á hverju ári tökumst við á við nýjar og krefjandi áskoranir, þar sem svo sannarlega er mikið um góðar stundir og eftirminnileg augnablik. Var því starfsárið 2024 - 2025 hjá knattspyrnudeildinni heldur betur viðburðaríkt líkt og undanfarin ár. Það er mjög jákvæður þáttur í starfinu hjá Njarðvík, að iðkendur haldi áfram að fjölga jafnt og þétt en rúmlega 400 iðkendur æfðu knattspyrnu á þessu starfsári. Það má því með sannni segja að Njarðvík sé klúbbur sem er í miklum vexti og heldur betur spennandi tímar framundan. Við höfum lagt mikla áherslu á að bjóða upp á skemmtilegt, fjölbreytt og metnaðarfullt starf með góðum þjálfurum, þar sem við viljum að iðkendur njóti sín sem allra best og fái verkefni við hæfi. Í yngstu flokkunum fórum við á öll stærstu sumarmótin eins og Norðurálmótið á Akranesi, Orkumótið í Eyjum, TM mótið í Eyjum, Síamótið í Kópavogi, SET - mótið á Selfossi, N1-mótið á Akureyri sem og öll hin dagsmótin. Allir flokkarnir stóðu sig virkilega vel á þessum mótum og voru félaginu svo sannarlega til sóma.

Eins og undanfarin ár þá kepptu 2., 3., 4. og 5.flokkur karla og kvenna í Faxaflóamótinu yfir veturinn og í kjölfarið á því hófst svo Íslandsmótið. Við getum verið mjög stolt af því að í 5., 4. og 3.flokki drengja eru að æfa rúmlega 60 drengir, aldrei hafa verið fleiri iðkendur í 3.flokki.

Íslandsmeistaratitill!

5.flokkur Njarðvíkur átti frábært tímabil, þar sem eitt liðanna landaði Íslandsmeistaratitli eftir mjög spennandi úrslitaleik, sem var leikinn á heimavelli. Það er ekki á hverjum degi sem að Njarðvík landar Íslandsmeistaratitli og megum við vera ótrúlega stolt af drengjunum.





Flottur árangur í 11 manna boltanum

Gaman er að segja frá því að 4.flokkur karla hjá okkur náði virkilega flottum árangri í sumar, þar sem liðið vann sig upp um tvær deildir í nýstofnuðu lotukerfi fyrir 4. flokkinn.

Í bikarkeppninni náði liðið meðal annars að slá út gott lið Víkings Reykjavíkur, en á endanum datt liðið svo úr keppni. 4.flokkur fór einnig með 4 lið á Rey Cup mótið í Laugardalnum, þar sem eitt af liðunum kom heim með bikar eftir sigur í sinni deild.



3.flokkurinn stóð sig með stakri þryði á árinu sem er að líða, þar sem óhætt er að segja að leikmenn liðsins hafi tekið miklum og góðum framförum. Nokkrir leikmenn úr flokknum voru farnir að spila mjög reglulega með flottum 2. flokk Njarðvíkur. 3. flokkur fór svo með 2 lið á Rey Cup þar sem leikmenn liðsins geta borið höfuðið hátt eftir að hafa verið klúbbnum til sóma, bæði innan vallar sem og utan.

Um sumarið hélt 2.flokkur karla til Salou á Spáni í viku æfingaferð, þar sem þeir æfðu svo sannarlega við drauma aðstæður. Ferðin þótti takast vel og óhætt er að segja að hópurinn hafi þétt vel við þessa ferð. Því þó að Íslandsmótið hjá þeim hafi farið rólega af stað, þá tóku drengirnir vel við sér eftir komuna heim úr ferðinni, þar sem gengið stórbatnaði og frammistaðan bættist til muna.



Samstarf í drengjaflokkum

Starf deildarinnar er alltaf að eflast jafnt og þétt og erum við mjög stórhuga. Nýjast í þeim málum er að Njarðvík er nú komið í samstarf við Reyni/Víði í 5., 4. og 3.flokki karla. Að auki er 2.flokkurinn kominn í samstarf við Grindavík en fyrir voru þeir í samstarfi við Víði. Horfum við því björtum augum á framtíðina, því með þessu samstarfi sjáum við fram á að flestir iðkendur fái frekar verkefni við hæfi, sem kemur til með að efla einstaklinginn sem og lið félagsins.





RKVN að gera stórkostlega hluti

Kvennastarfið hjá okkur er enn í samstarfi við RKV(Reyni S., Keflavík og Víði Garði) í 3., 4., og 5. flokki. Samstarfið eflist með hverju árinu og erum við stött og stöðugt að bæta okkur innan vallar.

5. flokkur átti frábært ár. Á TM-mótinu í Eyjum átti RKVN 3 lið af 24 efstu liðum mótsins þar sem öll önnur félag áttu annað hvort aðeins eitt eða tvö. Flokkurinn fór svo í Síamótið í Kópavogi þar sem A liðið gerði sér lítið fyrir og vann mótið eftir æsispennandi úrslitaleik við FH. Risastórt fyrir stelpurnar, klúbbinn og samstarfið. Í Íslandsmóti komst A lið svo alla leið í úrslitaleik en þurftu að bíta í það súra epli að tapa gegn sterku liði HK. Gott silfur gulli betra. 5. flokkurinn átti þá tvö önnur lið í úrslitum Íslandsmóts en fengu þau einnig silfur.

4. flokkur A lið spilaði lotukerfi í Íslandsmóti þar sem liðið endaði í efstu deild og stóð sig með þrýði. B lið flokksins komst alla leið í úrslitaleik í B liða keppni en tapaði gegn sterku liði FH. Bæði C lið flokksins töpuðu svo undanúrslitaleikjum sínum. Flokkurinn fór einnig á ReyCup í Laugardalnum þar sem A liðið komst alla leið í úrslitaleik á Laugardalsvelli. Liðið mætti stórveldinu Bayern Munchen en mátti þola 2-1 tap í æsispennandi leik, sigurmark á síðustu mínútum. B lið komst alla leið í úrslitaleik og vann hann sannfærandi, bikar í hús!

A liðið spilaði svo í bikarkeppni KSÍ þar sem liðið komst jú auðvitað í úrslitaleik. Spilað var gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks en tapaðist leikurinn 2-1, aftur sigurmark á síðustu mínútum og enn eitt silfrið í hús.

3. flokkurinn stóð sig einnig með mikilli þrýði. A lið flokksins spilaði í efstu deild í síðustu lotu og komst í 8-liða úrslit í bikarkeppni. B lið flokksins stóð sig einnig vel í sínum riðli. Stærstu lið landsins vita nú að RKVN er orðið mikið batterí.



Við getum svo sannarlega verið stolt af öllum þeim frábæru stúlkum sem hafa verið fulltrúar RKVN og stefnum við einungis hærra og lengra. Samstarfið hefur gengið það vel að fyrir komandi tímabil, þá mun RKVN tefla fram liði í 2.flokki kvenna í fyrsta sinn. Stúlkurnar eru flestar að fá verkefni við hæfi, með fleiri jafnokum og eru heldur betur að blómstra.



Spennandi tímar framundan

Breytingar eru í þjálfarateyminu okkar en Emil Daði Símonarson er horfinn á braut en einnig hefur Ingi Þór Þórisson sett þjálfaraskóna á hilluna í bili eftir 15 ár í þjálfun fyrir Njarðvík. Knattspyrnudeildin vill þakka þeim fyrir sitt frábæra framlag til félagsins. Inn í félagið hafa komið Arngrímur Jóhann Ingimundarson, Gylfi Tryggvason, Natasha Anasi, Oumar Diouck, Elvar Andri Guðjónsson, auk fjölmargra efnilegra ungra þjálfara.

Þegar horft er yfir tímabilið sem er að líða, þá er óhætt að segja að það hafa verið afskaplega margar góðar stundir, þó svo að vissulega hafi verið einnig verið súrar stundir. Það sem er alveg á hreinu er að þjálfarar, iðkendur og allir sem tengjast yngri flokkunum hafa gert sitt besta til að gera þetta tímabil eins eftirminnilegt og hægt er. Hafa flestir okkar iðkendur tekið flottum og góðum framförum, framtíðin hjá yngri flokkum Njarðvíkur er spennandi enda stefnum við hátt. Það sem mestu máli skiptir í öllu sem tengist iðkunni á íþrótt er að allir séu að róa í sömu átt sem tengjast knattspyrnudeild Njarðvíkur á einn eða annan hátt. Þegar við stöndum saman þá eru okkur flestir vegir færir og framtíðin er okkar! Því þökkum við öll hjá knattspyrnudeild Njarðvíkur kærlega fyrir geggjað tímabil en jafnframt hlökkum við afskaplega mikið til ókominna tíma, áfram Njarðvík!



Fyrir fánann og UMFN
Bjarki Már Árnason
yfirþjálfari yngri flokka



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Óskar Örn Hauksson:

Bjartsýnn fyrir hönd Njarðvíkur

Óskar Örn Hauksson er langflestum Njarðvíkingum kunnur. Fæddur árið 1984 og uppalinn í Njarðvík á Óskar einn mikilfenglegasta feril knattspyrnumanns á Íslandi, en Óskar var einnig bráðefnilegur körfuknattleiksmaður. Óskar hefur komið víða við á sínum ferli en lék lengst af með frábæru KR liði, eða í 14 ár. Við spurðum Óskar nokkurra spurninga, hvernig var að alast upp í Njarðvíkunum og hvernig hann sér fyrir sér næstu skref meistaraflokksliðanna, í knattspyrnu og körfuknattleik.

Nú ert þú uppalinn Njarðvíkingur, hvernig var að alast upp sem knattspyrnumaður í Njarðvík á þessum tíma?

„Það var frábært að alast upp sem knattspyrnumaður í Njarðvík á sínum tíma. Árgangar '83 og '84 voru mjög öflugir fótbolta árgangar og við vorum mjög heppnir með þjálfara eins og Einvarð Jóhanns, Frey Sverris og svo Eystein Hauks þegar komið var í 11 manna bolta sem skiptir náttúrulega miklu máli. Á sumrin var svo alltaf hægt að vera á grasi að leika sér hvort sem það var á gamla góða aðalvelliinum (sem ég sakna mjög mikið) Stapa túninu eða á túninu við Herðubreið/Skjaldbreið. Það vantaði aldrei mannskap þar og skipti ekki máli þó einhver ár skildu menn að.”

Áttu skemmtilega sögu frá því þegar þú ert að alast upp í fótboltanum í Njarðvík?

„Ég er akkúrat af þeirri kynslóð sem fékk að upplifa allar þessar breytingar á aðstöðunni fyrir fótboltann. Maður byrjaði náttúrulega bara inni í Ljónagryfjunni á parketinu á veturna og svo var



farið á malarvöllinn góða þar sem var byrjað að æfa á vorin þangað til grasið var klárt. Svo þegar ég er að stíga mín fyrstu skref í meistaraflokki opnar Reykjaneshöllin sem var náttúrulega bylting fyrir fótboltann. Þannig að maður fékk að kynnast þessu öllu.”



Framhald á næstu síðu →

Hverjir eru að þínu mati hápunktur ferilsins?

„Ætli ég verði ekki nefna árið 2019 sem eitt eftirminnlegasta árið. Við unnum titilinn í KR þvert á spár og var ég valinn besti leikmaður mótsins af leikmönnum í framhaldinu sem mér þótti vænt um. Það var líka einstakt lið, ekki besta lið sem ég hef verið í mann fyrir mann en einhver besta liðsheild sem ég hef tilheyrt.“

Hvernig spáiru gengi karla- og kvennaliðum Njarðvíkur á næstu árum fótboldamegin?

„Nýr þjálfari í brúnni karlamegin og talsvert breytt lið. Einhverjir farnir og nýir menn komnir og fleiri væntanlegir þannig að erfitt að lesa mikið í þetta á þessum árstíma. Geri þó ráð fyrir að liði nái hið minnsta í umspilið og þá mun reynsla þessa árs vonandi skila sér sem getur fleytt liðinu langt.“

Svo er gaman að Njarðvík skuli vera komið með lið í deild þeirra bestu kvennamegin, í samstarfi við Grindavík. Var mjög sterkt að ná í Natasha og vonandi mun hún miðla af sinni reynslu og hjálpa liðinu að gera sig gildandi í efstu deild.“

Nú varstu öflugur körfuboltamaður, var erfitt að velja á milli?

„Ég er náttúrulega alinn upp í Ljónagryfjunni (upp í húsi eins og við kölluðum það heima) og eyddi líklega meiri tíma þar heldur en heima hjá mér fyrstu 15-16 árin og þar spilaði körfuboltinn stórt hlutverk (og mamma). Ég elskaði körfubolta og hef oft verið spurður hvort það hafi verið erfitt að velja á milli fótboldans og körfuboltans á sínum tíma og hef þá svarað því þannig að ef sentímetrarnir hefðu verið fleiri er ekki ólíklegt að ég hefði valið körfuna.“



Óskar Örn árið 2019, sem fyrirliði KR



Í leik gegn Njarðvík, í búningi Grindavíkur

Hvernig sérðu fyrir þér körfuboltaveturinn í Njarðvík?

„Tímabilið hefur farið brösuglega af stað karlamegin og gríðarlega slæmt að missa Mario í meiðsli enda lykilmaður í þessu liði. Það verður blóðug barátta að koma liðinu í úrslitakeppnina en hef samt trú á að Rúnar og Logi skili þeim þangað en þar getur svo allt gerst.“

Kvennamegin fer þetta mun betur af stað en eflaust mikil vonbrgiði að detta snemma út úr bikarnum. Einar Árni vinur minn mun hins vegar skila þeim stóra í hús.“



Hafsteinn Sveinsson

Styðjum hvort annað og sköpum minningar

Kæru Njarðvíkingar

Körfubolti er áhugamál hjá mér númer eitt, tvö og þrjú. Mínar fyrstu minningar tengdar körfubolta eru þegar pabbi tók mig á leik með sér í Ljónagryfjunni. Sex ára gamall snáði varð ég heltekinn af stemmningunni og leiknum. Hér var ekki aftur snúið; upp frá þessu fór ég á mína fyrstu æfingu. Parketið átti hug minn allan næstu 15 árin. Sá tími sem ég hef varið í körfubolta hefur gefið mér ómælda gleði í öll þessi ár, hvort sem það er að æfa, spila eða gefa af mér til klúbbsins á einn eða annan hátt. Allt frá því að vera vatnsberi og fá að upplifa bikar- og Íslandsmeistaratitla með meistaraflokki karla, sinna störfum á ritaraborði eða dæma leiki hjá yngri flokkum.

Ég hef sinnt stjórnarstörfum til fjölda ára og nú hef ég stigið inn í starf formanns Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi. Tilfnið er það að Einar Jónsson, formaður deildarinnar, hefur þurft að stíga til hliðar vegna persónulegra aðstæðna. Ég vil færa Einari innilegar þakkir fyrir það ómetanlega starf, traust og seiglu sem hann hefur sýnt félaginu í gegnum tíðina.

Ég mun gera mitt allra besta á þessum tíma til að halda heiðri klúbbsins á lofti, vinna að áframhaldandi árangri og safna minningum í gleðibanka Njarðvíkinga. Ég mun ekki hræðast þær áskoranir sem fram undan eru, enda er ég umkringdur frábæru og duglegu fólki á öllum vígstöðum sem vinnur ötullega og heilshugar með mér að því að halda merki UMFN hátt á lofti. IceMar-höllin hefur tekið vel utan um okkur Njarðvíkinga og ég trúi því staðfastlega að á næstu árum munum við safna titlum í safni líkt og gamla góða Ljónagryfjan gerði á árum áður. Við erum nú þegar byrjuð á þeirri vegferð þar sem meistaraflokkur kvenna er ríkjandi



bikarmeistari 2024 og Meistari meistaranna 2025. Við stefnum á alla þá titla sem í boði eru. Við höfum ómælda trú á okkar liði og erum gríðarlega stolt af því starfi sem unnið hefur verið með stelpunum okkar. Þar er allt til staðar sem þarf: dugnaður, iðjusemi, hæfileikar og vilji hjá leikmönnum og þjálfurum til að árangurinn verði sem glæsilegastur.

Misjafnar eru þær áskoranir sem lífið leggur í okkar hendur og íþróttirnar eru þar engin undantekning. Þjálfarar okkar standa frammi fyrir krefjandi verkefnum, meðal annars þar sem karlalið okkar varð fyrir áfalli í nóvember sl. þegar okkar ástkæri Mario Matasovic meiddist í leik og mun ekki spila meira á þessu tímabili. Við stöndum þétt við bakið á honum og ég veit að hann mun snúa sterkur til baka með baráttuhug og eldmóð á næsta tímabili.

Í hvert skipti sem leikmenn Njarðvíkur klæða sig í búninginn og stíga út á gólf, stefnum við á sigur. Við tökum einn leik í einu og höfum óbilandi trú á okkar fólki.

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Það er ótrúlega krefjandi að tefla fram tveimur sterkum liðum í Mfl karla og kvenna, til þess að gera það krefst mikillar vinnu og færni og fylgir því gríðarleg ábyrgð. Ekki væri þetta hægt án okkar frábæru sjálfbóðaliða sem öllum stundum eru boðin og búin að rétta fram hönd fyrir klúbbinn ásamt okkar mikilvægu styrktaraðilum sem við eigum djúpar og miklar þakkir fyrir að styðja okkur ár eftir ár. Án ykkar allra værum við ekki á þeim stað sem við erum á í dag.



Það hefur orðið aukning á áhorfendum eftir að við tókum við IceMar höllinni sem er frábært og fögnum við hverju nýju andliti sem kemur inn í hús. Ég hvet þig kæri lesandi að koma á leik með okkur í vetur og taka þátt í því frábæra starfi sem liggur þar að baki. Tökum börnin með okkur á körfuboltaleik því hver veit, þar geta orðið töfrar sem geta markað spor í lífi barns, líkt og ég kom fram með í upphafi pistils. Körfubolti er ekki bara leikur, heldur samfélag í gleði sem og sorg. Styðjum hvort annað og sköpum minningar sem ylja.

Ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Sjáumst hress og kát með gleðina að vopni í næsta leik og styðjum liðin okkar til sigurs.

**Fyrir fánann og UMFN
Hafsteinn Sveinsson, Formaður KKD UMFN**

Gleðilega hátíð
Njarðvíkingar!



JBO
Pípulagnir



Pistill barna- og unglingaráðs körfuknattleiksdeildar UMFN:

Sterkara samfélag í nýju heimili

Nú er liðið eitt ár síðan barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur flutti starfsemi sína alfarið í nýja og glæsilega IceMar-Höllina. Það hefur sannarlega verið viðburðaríkt og lærdómsríkt ár þar sem starfsemin hefur vaxið og dafnað. Við höfum þurft að aðlaga okkur að því rými sem okkur hefur verið úthlutað, starfsemin okkar býr við ákveðið aðstöðuleysi í nýja húsinu okkar en samstarfið við starfsfólk íþróttahússins hefur verið einstakt og viljum við sérstaklega hrósa þeim fyrir hversu vel þau hafa tekið á móti okkur og staðið þétt við bakið á deildinni í öllum okkar verkefnum.

Að skapa rými fyrir alla – nýtt sérþarfavorkefni slær í gegn

Eitt af stærstu og ánægjulegustu skrefum ársins var stofnun nýs hóps: körfuboltaæfingar fyrir börn með sérþarfir. Verkefnið hefur gengið langt fram úr okkar björtustu vonum.

- Mikil og falleg ánægja ríkir meðal iðkenda og fjölskyldna þeirra
- Iðkendafjöldi hefur vaxið hratt
- Hópurinn hefur skapað nýtt samfélag og sýnt mikilvægi þess að bjóða öllum börnum upp á vettvang sem hentar þeirra styrkleikum

Myndin hér til hliðar er tekin af nýjasta æfingahópnum okkar.



Íslandsmeistarar – aftur!

Á árinu fylgdu við eftir frábærum árangri ársins á undan. Minniboltaflokkurinn (11 ára stúlkur) endurtók leikinn frá 2024 og varð Íslandsmeistari 2025. Það er ekki sjálfgefið að landa titlinum tvö ár í röð og er það skýr vitnisburður um frábært starf þjálfara, ótrúlegan metnað iðkenda og sterka foreldrasamvinnu.

Vel gert stelpur!



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Starfið stækkar og styrkist

Á öðrum sviðum hefur almennt æfinga- og keppnisstarf gengið af krafti:

- Góð þátttaka var í öllum flokkum
- Iðkendafjöldi heldur áfram að aukast
- Nýtt æfingasvæði og gott skipulag í IceMar-Höllinni hefur stóraukið gæði æfinga
- Unglingaráðið hefur verið virkt í að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og styrkja félagsandann

Þakklæti til samstarfsaðila unglíngaráðs

Við viljum einnig koma á framfæri innilegum þökkum til allra okkar samstarfsaðila – einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja – sem hafa staðið með okkur á árinu. Stuðningur þeirra hefur verið ómetanlegur og skiptir sköpum fyrir áframhaldandi vöxt og gæði barna- og unglíngastarfsins.

Það er dýrmætt að finna hve margir eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að efla íþróttastarf fyrir börn og unglínga í Njarðvík. Með slíkum stuðningi getum við tryggt að starfsemin haldi áfram að vaxa, dafna og skapa tækifæri fyrir fleiri iðkendur – óháð aldri, getu eða aðstæðum.

Ég vil óska öllum okkar frábæru iðkendum, þjálfurum, sjálfboðaliðum, starfsfólki sem og bæjarbúum mínar bestu jóla og nýárskeðjur.

Fyrir hönd barna- og unglíngaráðs KKD UMFN
Guðni Sigurbjörn Sigurðsson
Formaður

Framundan – metnaður og nýjar hugmyndir

Á næsta ári stefnum við á að efla enn frekar:

- starf sérþarfaþópsins
- þjálfun og menntun þjálfara
- fjölbreyttari viðburði fyrir iðkendur og fjölskyldur
- samstarf við nærliggjandi skóla og samfélagið í heild



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Viðtöl við leikmenn meistaraflokks

Brittany Dinkins

Brittany Dinkins er á sínu öðru ári með félaginu en hún átti frábært tímabil í fyrra og samdi í kjölfarið fyrir næstu tvö árin. Brittany er frábær fyrirmynd og leiðtogi og einn allra besta leikmaður í boltanum hér á landi.

Segðu okkur aðeins frá þínum ferli sem leikmaður. Hvenær byrjaðir þú í körfu og hver er þín saga í boltanum, í stuttu máli?

Ég byrjaði í körfu 4 ára gömul. Systir mín var fyrirmyndin og mig langaði að vera í bolta og hef verið í körfu síðan. Átti alltaf drauminn að verða atvinnumaður og er sannarlega að lifa drauminn minn. Körfubolti er ekki hvað ég er heldur hvað ég geri og ég elska áskoranir sem fylgja leiknum. Boltinn kennir mér á lífið á alls kyns máta. Ég fór í gegnum skólabolta í USA og hef verið atvinnumaður í körfubolta síðan 2017.

Hvernig líst þér á tímabilið hingað til? Hvernig sérðu seinni hluta móts fyrir þér?

Ég er að hafa mjög gaman. Við erum vissulega að finna okkur með nýtt lið og ég er sannfærð um að seinni hluti móts verður frábær. Við erum sífellt að læra inn á hver aðra og ég sé fyrir mér að við verðum mjög öflugar þegar líður á nýtt ár.

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Ertu með fastar venjur?

Einn lykillinn er hafragrautur á morgnana. Game day lögn og svo heit og góð sturta fyrir leik.

Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður?

Ég held að ég sé með góða aðlögunarhæfni. Vera klár fyrir liðið mitt í sama hvaða hlutverk liðið mitt þarf.



Hver er fyndnastur í klefanum í þínu liði?

Veiga Dís á þetta skuldlaust

Eru einhverjir jólasíðir sem þú fylgir alltaf?

Nei, aðallega eiga tíma með fjölskyldunni. Gefa af sér og njóta með sínu fólki.

Hvað langar þig í jólagjöf í ár?

Nýja MacBook fartölvu

Einhver skilaboð til stuðningsmanna Njarðvíkur fyrir nýja árið?

Ég er farin að skilja hvað unga fólkið í Njarðvík tekur slaginn mikið með okkur. Þau vinna með okkur og þau tapa með okkur. Umfram allt þakkir til ykkar fyrir frábæran stuðning og haldið áfram að styðja okkur! Farandi inn í nýtt ár verður spennandi. Haldið áfram að fylgja okkur með stoltið að vopni!



Danielle Rodriguez

Danielle Rodriguez er 32 ára gömul og íslenskur landsliðsmaður. Hún gekk til liðs við Njarðvík í sumar eftir að hafa leikið í Sviss síðasta vetur. Þar á undan átti hún ár að baki með Stjörnuni, KR og Grindavík. Dani er leikstjórnandi og hefur komið gríðarlega sterk inn í Njarðvíkurliðið í vetur. Hún er jafnframt þjálfari 8.flokks kvenna og 11.flokks karla hjá félaginu.

Segðu okkur aðeins frá þínum ferli sem leikmaður. Hvenær byrjaðir þú í körfu og hver er þín saga í boltanum, í stuttu máli?

Ég byrjaði í körfubolta 4 ára og var í mörgum íþróttum en átti alltaf drauminn að verða atvinnumaður í körfu Fékk fyrsta tilboðið eftir háskólann frá Íslandi og naut mín vel og á nú að baki 7 tímabil á Íslandi og eitt til viðbótar í Sviss.

Hvernig líst þér á tímabilið hingað til? Hvernig sérðu seinni hluta móts fyrir þér?

Tímabilið hefur heilt yfir verið frábært en vissulega með ákveðnum hindrunum sem ég sé hjálpa okkur í seinni hluta vetrar.

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Ertu með fastar venjur?

Legg mig alltaf á leikdag og horfi líka á körfubolta highlight, með t.d Steve Nash. Tek léttu skotæfingu og svo hlusta ég á góða tónlist.

Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður?

Leikskilningur. Reynslan, og hvernig ég sé leikinn.

Hver er fyndnastur í klefanum í þínu liði?

Britt og Veiga Dís eiga þann titil saman.



Eru einhverjir jólasíðir sem þú fylgir alltaf?

Nei í raun ekki. Það var í raun ekki fyrr en ég kom til Íslands. Þar hef ég stigið inn í þessar hefðbundnu venjur sem fylgja Þorláksmessu og jólahaldinu. Samveran með fjölskyldunni.

Hvað langar þig í jólagjöf í ár?

Ekkert sérstakt. Ég er dugleg að kaupa það sem mig langar í sjálf 😊

Einhver skilaboð til stuðningsmanna Njarðvíkur fyrir nýja árið?

Takk kærlega fyrir stuðninginn í fyrri hluta vetrar. Þetta eru bestu stuðningsmenn sem ég hef kynnst á mínum ferli á Íslandi. Við höfum fengið frábæran stuðning og vonumst til þess að sjá ykkur koma og styðja okkur áfram í baráttunni sem er framundan á nýju ári.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Krista Gló Magnúsdóttir

Krista Gló Magnúsdóttir er fyrirliði Njarðvíkurliðsins. Hún er 21 árs og er búin að vera lengi í meistaraflokknum en hefur á sínum ferli þurft að glíma við meiðsli óþarflega oft. Hún hefur þó sýnt seiglu og dugnað og átti sitt besta tímabil síðasta vetur og tók svo í haust við fyrirliðahlutverkinu. Krista Gló er frábær fyrirmynd sem á eftir að láta að sér kveða í vetur.

Segðu okkur aðeins frá þínum ferli sem leikmaður. Hvenær byrjaðir þú í körfu og hver er þín saga í boltanum, í stuttu máli?

Ég byrjaði í körfubolta þegar ég var 5 ára hjá Agga. Síðan tóku Bylgja og Eygló við sem þjálfarar og var ég hjá þeim alveg fram að 9.flokki. Ég byrjaði að æfa og spila með meistaraflokki þegar ég var á fyrsta ári í framhaldsskóla. Þá vorum við að spila í fyrstu deildinni og unnum hana. Varð síðan Íslandsmeistari með Njarðvík 2022 og Bikarmeistari 2025.

Hvernig líst þér á tímabilið hingað til? Hvernig sérðu seinni hluta móts fyrir þér?

Mér líst mjög vel á tímabilið og hlakka mikið til seinni hluta móts.

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Ertu með fastar venjur?

Er ekki með neitt sérstakt sem ég geri til að undirbúa mig fyrir leik. Þetta felst aðallega að hlusta tónlist og koma mér í gírinn.

Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður?

Er góð þriggja stiga skytta og mikill liðsmaður

Hver er fyndnastur í klefanum í þínu liði?

Veiga Dís fær að eiga það.



Eru einhverjir jólasíðir sem þú fylgir alltaf?

Jólasíðir mínir eru að njóta með fjölskyldunni og fara í jólaboð.

Hvað langar þig í jólagjöf í ár?

SKIMS náttföt

Einhver skilaboð til stuðningsmanna Njarðvíkur fyrir nýja árið?

Hlakka til að sjá ykkur styðja liðið áfram í Icemarhöllinni á nýju ári.





Mario Matasovic

Mario Matasovic er annar af fyrriðum UMFN og hefur leikið með félaginu síðan haustið 2018 og er á sínu áttunda tímabili með félaginu. Hann varð íslenskur ríkisborgari á árinu. Mario meiddist illa gegn KR í nóvember og er búinn að fara í aðgerð vegna slits á fremra krossbandi. Við reiknum með honum aftur á parketinu næsta haust.

Segðu okkur aðeins frá þínum ferli sem leikmaður. Hvenær byrjaðir þú í körfu og hver er þín saga í boltanum, í stuttu máli?

Ég byrjaði frekar seint í körfu, eða 15 ára gamall. Ég tapaði veðmáli gegn vini mínum og þurfti að koma á æfingu með honum. Ég spilaði fyrir atvinnumannalið í heimabæ mínum Slavonski Brod. Eftir miðskóla fór ég til Bandaríkjanna í Military Prep School í Wisconsin í eitt ár. Þaðan fór ég í Western Michigan University í 2 ár og færði mig svo í Sacred Heart University í 3 önnur ár. After útskrift kom ég til Njarðvíkur haustið 2018 og hef verið hér síðan.

Hvernig líst þér á tímabilið hingað til? Hvernig sérðu seinni hluta móts fyrir þér?

Það er búið að vera ansi mikið upp og niður á þessu tímabili. Frábærir sigrar en líka slæm tölur á lokaspretti leikja nokkrum sinnum. Staðan gæti svo hæglega verið töluvert betri í töflunni. Nú þurfum við allir að koma með örlítið meira að borðinu á nýju ári. Gera meira af því sem er að virka vel fyrir okkur og laga það sem er ekki að ganga eins vel því eins og við vitum þá eru þetta oft smáatriði sem skilja að í leikslok í körfubolta.

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Ertu með fastar venjur?

Ég var með venjur þegar ég var yngri en á eldri árum snýst þetta um að fara yfir leikplanið í höfðinu og nærast og hvílast vel í aðdraganda leikja.



Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður?

Þetta er alltaf snúin spurning og í raun ekki auðvelt að tala um sjálfan sig sem leikmann þannig að ég læt aðra um þá dóma. En ég gæti sagt að ég hef alltaf haft ákveðna íþróttahæfileika og get sitt lítið af hverju í leiknum.

Hver er fyndnastur í klefanum í þínu liði?

Ég get í raun ekki nefnt einhvern einn en við hlæjum nú oft þegar ungu strákarnir taka upp á einhverju eða segja eitthvað fyndið eða misgáfulegt.

Eru einhverjir jólasíðir sem þú fylgir alltaf?

Nei það er frekar einfalt. Aðallega að njóta þess að borða góðan mat og eiga stundir með fjölskyldu og vinum.

Hvað langar þig í jólagjöf í ár?

Litlu hlutirnir í lífinu – þannig að ég óska bara öllum góðrar heilsu á nýju ári.

Einhver skilaboð til stuðningsmanna Njarðvíkur fyrir nýja árið?

Fyrst af öllu þakka ég stöðugan stuðning í gegnum árin. Það að stefna hátt er ferli og það þarfnast þolinmæði. Ég vona að allir og fleiri til haldi áfram að mæta og styðja okkur því það skiptir okkur leikmenn miklu máli að finna fyrir stuðningi og vita af ykkur með okkur í baráttunni. Áfram Njarðvík!



Veigar Páll Alexandersson

Veigar Páll Alexandersson er lykilmaður í Njarðvíkurliðinu og er annar af fyrirliðum liðsins. Hann er 24 ára gamall og uppalinn í félaginu. Leikur hans hefur vaxið mikið og hefur hann verið einn af bestu mönnum liðsins síðustu árin.

Segðu okkur aðeins frá þínum ferli sem leikmaður. Hvenærbyrjaðir þú í körfu og hver er þín saga í boltanum, í stuttumáli?

Ég byrjaði að æfa körfu 5 ára, en það var útaf því að mamma sótti mig alltaf fyrir á leikskólann svo ég gæti mætt á æfingar með 1.bekk. Síðan þá hefur körfuboltinn alltaf verið stór partur af mínu lífi.

Hvernig líst þér á tímabilið hingað til?

Tímabilið hefur ekki byrjað eins vel og við ætluðum okkur en eins og margir vita þá vinnur enginn titil fyrir áramót, þannig ég hef ekki áhyggjur af mínu liði, við ætlum okkur að mæta sterkari inn eftir áramót.

Hvernig sérðu seinnihluta móts fyrir þér?

Ég sé fyrir mér 11 hörkuleiki, gegn sterkum liðum, þetta eru allt leikir sem við ætlum okkur að vinna.

Hvernig undirbýrð þú þig fyrir leiki? Ertu með fastarvenjur?

Tvennt sem ég geri alltaf er að baka pönnukökur fjórum tímum fyrir leik og hugleiði fljótlega eftir það.

Hverjir eru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður?

Ég tel mig vera orkumikill og einnig hef ég verið að skjóta betur í ár, góður að sækja á hringinn og hef verið að standa mig í vörninni.

Hver er fyndnastur í klefanum í þínu liði?

Ætli það sé ekki Kristófer Hearn.



Eru einhverjir jólasíðir sem þú fylgir alltaf?

Baka lakkristoppa með systur minni og borða skyndibita á Þorláksmessu.

Hvað langar þig í jólagjöf í ár?

Tól og tæki í eldhúsið svo ég geti haldið áfram að spreyta mig í eldhúsinu.

Einhver skilaboð til stuðningsmanna Njarðvíkur fyrir nýjaárið?

Ef þú heldur ekki með okkur þegar við erum að tapa, ekki halda með okkur þegar við erum að vinna. Áfram Njarðvík!



Sunddeild UMFN:

Ár framfara og samheldni í sundinu

Árið 2025 var einstaklega annasamt og árangursríkt hjá Sundráði ÍRB/Sunddeild UMFN. Fjöldi iðkenda hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Því fylgja áskoranir sem gaman er að takast á við. Það hefur lengi verið sagt að bestu vinirnir verði til í sundlauginni, og það sannaðist svo sannarlega hjá okkar iðkendum í ár – hér myndast vinátta sem endist út ævina.

Með aukinni aðsókn komu ný andlit til liðs við deildina og sameinuðust eldri félögum í samheldni og góðum liðsanda. Þessi fjölbreytti hópur hefur stutt hvorn annað í gegnum þétt skipulagðar æfingar, sem hefur skilað sér í aukinni frammistöðu og ánægju allra. Það er sérstakt stolt að sjá hve vel nýir og eldri iðkendur ná saman og hvetja hver annan til dáða.

Keppnir hérlendis og erlendis

Keppendur tóku tóku þátt í fjölmörgum keppnum bæði hérlendis og á erlendum vettvangi. Árangurinn lét ekki á sér standa og hópurinn stóð sig með mikilli þrýði. Sérstaklega ber að nefna að lið ÍRB hafnaði í öðru sæti á AMÍ, fjölmargir Íslandstitlar féllu til okkar sundmanna og okkar sundmenn valdir til þátttöku á öllum stærstu mótunum erlendis og hafa staðið sig með starki þrýði.



Afburðaárangur einstakra iðkenda

Guðmundur Leó og Denas Kazulis voru áberandi á keppnisvettvangi á árinu. Þeir kepptu á fjölmörgum mótum og sýndu miklar bætingar. Keppendur okkar eru okkur og deildinni til mikils sóma. Denas hefur verið duglegur að bæta unglíngametin og er sönnun þess að dugnaður og ástríða fyrir íþróttinni skilar sér í glæsilegum árangri.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Samhugur og framtíðarsýn

Sunddeild UMFN/ Sundráð ÍRB stendur styrkum fótum fyrir framtíðina. Með öflugan hóp iðkenda sem styðja hvort annað og metnaðarfulla þjálfara sem leggja sig fram um að leiðbeina og hvetja munum við halda áfram að vaxa og dafna.

Við þökkum öllum iðkendum, þjálfurum og foreldrum fyrir ómetanlegt framlag á árinu 2025. Með samstilltu átaki og góða liðsheild höldum við áfram að sigla hraðbyri inn í nýtt ár – tilbúin til að takast á við nýjar áskoranir og skapa áfram ógleymanlegar minningar.

Gleðilega hátíð!

Sunddeild ÍRB



ÞORRABLÓT NJARÐVÍKUR

AUDDI OG STEINDI - KELI - ERNA HRÖNN - SIGGA BEINTEINS -
MADE IN SVEITIN - SVERRIR BERGMANN - ÖRVAR KRISTJÁNS

MIÐAVERÐ 14.900 KR.
Miðasala á ordo.is

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Lyftingadeild UMFN - Massi:

Starfsemin með ágætum á árinu

Nafni deildarinnar var breytt í upphafi árs og heitir nú Lyftingadeild UMFN – Massi. Í kjölfarið fékk deildin svo viðurkenningu ÍSí sem fyrirmyndarfélag.

Við lítum á viðurkenninguna sem hvatningu til að efla starfið, fjölga iðkendum og vinna frekari afrek. Til að svo megi verða þarf að bæta aðstöðuna og ljúka endurbótum sem þegar eru hafnar. Til stendur að stækka aðstöðuna með því að brjóta niður vegg, flota gólf, koma upp nýjum búningsklefum og bæta tækjakost.

Við búum í bæjarfélagi þar sem meira en 70% vinnandi fólks vinnur vaktavinnu. Sífelld skerðing á opnunartíma Massa kemur mjög illa við þennan hóp og við því þarf að bregðast. Stjórn Massa hefur uppi áform um að bæta við aðgangsstýringu þannig að iðkendur geti gert samning um að komast til æfinga á öllum tímum sólarhringsins. Keppnisfólk okkar verður að komast til æfinga alla daga ef árangur á að nást.

Meðlimir Massa hafa lagt fram ómælda vinnu og gleði við framkvæmdir hingað til og bíða spenntir eftir framlagi bæjarins svo klára megi að gera aðstöðuna sem besta. Það þarf reyndar ekki mikið til en þarf samt og við treystum á metnað bæjarins til að gera lyftingafólki kleift að stunda íþrótt sína við bestu aðstæður.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Frábært íþróttafólk, methafar og meistarar

Massi á margt frábært íþróttafólk, Íslandsmeistara, Íslandsmethafa, Evrópumeistara, Evrópumethafa, heimsmeistara og heimsmethafa. Til viðbótar hefur Massi á að skipa stórum hópi fólks á öllum aldri sem lyftir lóðum sér til heilsubótar. Eldri borgarar mæta svo brosandir og lífsglaðir á morgnana og lyfta lóðum af kappi sér til ánægju og heilsubótar. Þar er lýðheilsan holdi klædd og við sem bæjarfélag njótum góðs af betri heilsu eldri borgaranna. Það voru þessum glaða hópi því veruleg vonbrigði þegar opnunartími Massa var skertur verulega síðasta sumar. Þar með var komið í veg fyrir að okkar góða fólk gæti stundað sína heilsurækt. Treystum á að þessi skerðing á opnunartíma Massa verði ekki endurtekin. Ekki má heldur gleyma að í þessum hópi eldri borgara eru einstaklingar sem eiga eftir að keppa á lyftingamótum og auka hróður Reykjanesbæjar.

Á árinu var reglum um aldurstakmörk breytt og nú geta ungmenni frá og með sjöunda bekk komið og stundað lyftingar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt alþjóðlegum reglum þá geta ungmenni keppt í lyftingum frá og með fjórtán ára aldri. Auðvitað þarf að byrja æfingar tímanlega til að ná árangri í lyftingum sem öðrum greinum íþróttar. Við þurfum að gera ungmennum kleift að finna sér íþrótt þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín. Þar eru lyftingar góður kostur.

Massi hefur staðið fyrir námskeiðum í kraftlyftingum á árinu ásamt því að aðstoða eldri borgara við æfingar. Þetta hefur mælst vel fyrir og til stendur að gera þetta áfram á nýju ári. Massi og bæjarfélagið býr svo vel að eiga vel menntaða og reynslumikla iðkendum sem alltaf eru boðnir og



búnir til að aðstoða við tilsögn, mótahald og hvað eina sem til fellur. Massi er gott samfélag og við viljum fjölga því góða fólk sem hjálpast þar að við að búa til afreksfólk, bæta heilsu og styðja af alefli við lýðheilsu bæjarbúa.

Iðkendum í Massa eru í dag um 300 og fjölgar stöðugt. Aðstaðan er orðin of lítil og tækjakost þarf að bæta. Við treystum á forsvarsfólk bæjarins að aðstaðan verði bætt. Með bættri aðstöðu fjölgum við fólk á öllum aldri sem vill auka hróður Reykjanesbæjar með afrekum í lyftingum og bættri lýðheilsu.





Helstu afrek ársins

Aftek Massafólks voru mörg á árinu 2025 og of langt mál að tíunda þau öll en hér koma þau helstu.

Í **janúar** urðu Þóra Kristín Hjaltadóttir og Davíð Þór Penalver íslandsmeistarar í bekkpressu með búnaði. Auk þess setti Davíð Þór íslandsmet.

Í **janúar** urðu Máney Dögg Björgvinsdóttir, Ásta Margrét Heimisdóttir, Trausti Traustason, Elsa Pálsdóttir og Svanur Bergvins Guðmundsson íslandsmeistarar í klassískri bekkpressu. Auk þess setti Svanur íslandsmet. Á sama móti varð María Bára Arnarsdóttir í öðru sæti.

Í **febrúar** varð Elsa Pálsdóttir evrópumeistari í klassískum kraftlyftingum og varði þar með titil sinn frá árinu áður. Á sama móti kepptu einnig Hörður Birkisson sem náði sér í bronsverðlaun og Jens Elís Kristinsson sem varð í sjötta sæti.

Í **apríl** urðu Trausti Traustason, Hörður Birkisson, Jens Elís Kristinsson bikarmeistarar í klassískum kraftlyftingum. Ásmundur Rafnar Ólafsson og Örlygur Svanur Aðalsteinsson náðu sér í annað sæti á sama móti.

Í **maí** varð Elsa Pálsdóttir evrópumeistari í kraftlyftingum með búnaði.

Í **júní** urðu Elsa Pálsdóttir, Hörður Birkisson og Jens Elís Kristinsson íslandsmeistarar í klassískri réttstöðulyftu. Hörður setti auk þess íslandsmet.

Í **ágúst** urðu Ásmundur Rafnar Ólafsson, Elsa Pálsdóttir og Hörður Birkisson bikarmeistarar í kraftlyftingum með búnaði. Elsa og Hörður settu auk þess íslandsmet.


Í **ágúst** varð Davíð Þór Penalver menningarbikarmeistari í bekkpressu með búnaði auk þess að setja íslandsmet. Davíð varð í öðru sæti í klassískri bekkpressu á sama móti.

Í **október** varð Trausti Traustason í öðru sæti á íslandsmóti í klassískum kraftlyftingum.

Í **október** varð Elsa Pálsdóttir heimsmeistari í klassískum kraftlyftingum og varði þar með titil sinn frá fyrra ári. Elsa varð einnig heimsmeistari í kraftlyftingum með búnaði á sama móti. Að auki setti Elsa auðvitað heimsmet.

Í **október** varð Páll Reykdal Jóhannesson í öðru sæti á byrjendamóti í klassískum kraftlyftingum.

Í **nóvember** urðu Trausti Traustason, Benedikt Björnsson, Elsa Pálsdóttir, Hörður Birkisson og Jens Elís Kristinsson íslandsmeistarar í klassískum kraftlyftingum. Trausti, Benedikt, Elsa og Hörður settu auk þess íslandsmet.





Fyrsta starfsár rafíþróttadeildar UMFN:

Ný deild, ný tækifæri og sterk framtíðarsýn

Í byrjun árs var skrifaður nýr kafli í sögu UMFN þegar rafíþróttadeild félagsins var formlega stofnuð. Með stofnun deildarinnar var stigið mikilvægt skref inn í ört vaxandi heim rafíþróttar, þar sem samkeppni, liðsheild, agi og samfélag fara saman á nýjan og nútímalegan hátt.

Markmið rafíþróttadeildarinnar frá fyrsta degi hefur verið skýrt: að skapa öruggt, jákvætt og uppbyggilegt umhverfi fyrir iðkendur á öllum aldri, þar sem áhersla er lögð á heilbrigða samkeppni, virðingu, samskipti og liðsvinnu. Rafíþróttir eru í dag mikilvægur vettvangur fyrir unga sem aldna til að þroska færni sem nýtist bæði innan og utan tölvuheimsins.

Á fyrsta starfsári hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp skipulag, reglur og framtíðarsýn deildarinnar. Mikil áhersla hefur verið lögð á að rafíþróttaiðkun innan UMFN endurspegli þau gildi sem félagið stendur fyrir.

Þrátt fyrir að deildin sé ung hefur áhuginn verið mikill og viðtökurnar afar jákvæðar. Fjöldi iðkenda hefur sýnt starfinu áhuga og ljóst er að þörfin fyrir skipulagt rafíþróttastarf innan félagsins er til staðar. Deildin hefur því lagt traustan grunn að áframhaldandi vexti og þróun á komandi árum. Framtíð rafíþróttadeildar UMFN er björt. Með áframhaldandi stuðningi félagsins, foreldra og samfélagsins í heild er stefnt að því að efla starfið enn frekar, byggja upp sterka liðsheild og skapa tækifæri fyrir iðkendur til að blómstra, bæði sem keppendur og einstaklingar.

Að lokum vill rafíþróttadeild UMFN þakka öllum þeim sem hafa komið að starfinu á þessu fyrsta ári – iðkendum, foreldrum, sjálfboðaliðum og stjórn félagsins – fyrir traustið og stuðninginn. Með samstilltu átaki höldum við áfram að byggja upp nýja og spennandi framtíð innan UMFN.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!





Þríprautardeild UMFN:

3N á ferð og flugi árið 2025

Að venju var nóg að gera hjá 3N á árinu eins og áður.

Hjóláæfingar, sundæfingar og hlaupaæfingar, auk þess sem félögum var boðið upp á annars vegar teygjuæfingar og hins vegar styrktaræfingar einu sinni í viku í febrúar, mars, október og nóvember. Í janúar var æfingahelgin þar sem félagar æfa allar greinar þríprautarinnar, eða bara eina eða tvær greinar, allt eftir smekk. Ágæt þáttaka og skemmtileg helgi.

Hlaupanámskeiðin voru á sínum stað eins og undanfarið og bættust nokkrir félagar í hópinn, ýmist eftir að hafa verið á námskeiðum eða bara byrjað að mæta á æfingar, alltaf gaman að fá nýtt fólk inn.

Hefbundinn hreyfiferð til **Tenerife** var svo í febrúar og fóru 10 - 12 félagar með og gerðu gott mót í sólinni eins og undanfarin ár.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Mottumarshlaupið og Bleika hlaupið voru haldin í samvinnu við Krabbameinsfélag Suðurnesja og ánægjulegt að sjá fína þáttöku í báðum hlaupunum, bæði hjá félögum 3N og ekki síður öðrum hlaupurum.

Margir voru duglegir í að taka þátt í hlaupum hingað og þangað innanlands og utan. Heil maraþon voru farin af nokkrum félögum 3N í Tokyo, Chicago, Berlín og í Haustmaraþoninu hér heima.

Innanlands var t.d. tekið þátt í eftirfarandi hlaupum:

Puffin hlaupinu í Eyjum

Bakgarðshlaupinu

Fjölnishlaupinu

Mýrdalshlaupinu

Hengilshlaupinu

Hvítasunnuhlaupinu

Hólmsheiðarhlaupinu

Dyrfjallahlaupinu

Laugavegshlaupinu

Reykjavíkumaraþoninu

Haustmaraþoninu

Ljósanæturhlaupinu o.fl.

28. júní var farin hópferð yfir **Fimmvörðuháls** og voru um 20 félagar sem tóku þátt, og fengu allskonar veður á leiðinni, mjög vel heppnuð og skemmtileg ferð.





Ofursprettprautin sem er þríþrautarkeppni sem 3N heldur árlega var svo haldin 30. ágúst í ágætisveðri og gekk mjög vel, um 60 keppendur voru skráðir til leiks, og fjöldi sjálfboðaliða frá 3N að vinna við keppnina.

Í þríþraut áttum við keppendur í Kópavogsprautilinni, Sprettprautil 3SH og Laugarvatnsprautilinni.

Hlaupaæfingarnar eru þrisvar í viku með þjálfara, yfirleitt frá Sundmiðstöðinni í Keflavík en stundum er brugðið út af vananum og farið í eitthvað utanvegahlaup eða Esjubrólt sem dæmi. Hjólaæfingar og sundæfingar eru tvisvar í viku með þjálfurum, frí er tekið á sundæfingum yfir sumartímann en hjólaæfingar eru inni á veturna og úti á sumrin.

Í desember er alltaf Þorláksmessusund hjá sundfólkinu og slökun í pottinum á eftir með kakó og kökum, svo mæta yfirleitt margir hlauparar í Klemmann sem er hlaup á gamlársdagsmorgun sem Klemens Sæmundsson stendur fyrir og er nú að halda í 30. sinn. Að lokum hvetjum við alla sem hafa áhuga á að koma og prófa að æfa með okkur.

Jólakveðja frá stjórn Þríþrautardeild UMFN





Þorablót UMFN 2025

Stærsta blót sögunnar á nýjum stað

Þorablót Ungmennafélagsins Njarðvíkur fór fram laugardaginn 1. febrúar síðastliðin og nú var það haldið í nýju körfuboltahöllinni okkar við Stapaskóla, IceMar-höllinni.

Ótrúlega vel heppnað þorablót og stemmingin í hámarki endar um stærsta þorablót í sögu félagsins að ræða.

Venju samkvæmt var tekið á móti gestum með hákarli og brennivíni og gestir leiddir inn í glæsilegan hátíðarsal.

Dagskráin var hefðbundin. Matur, söngur og gleði, annáll, skemmtiatriði og svo ball. Öll þessi atriði tókust mjög vel og færum við þeim okkar bestu þakkir. Annállinn var sérstaklega skemmtilegur og hnitmiðaðir brandarar hans Örvars Kristjáns veislustjóra slógu rækilega í gegn. Lukkan var með 15 gestum sem hlutu vinning í þorralukkunni í ár og vill þorablótsnefndin koma á þökkum til þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem styrktu þorablótið með glæsilegum vinningum.

Kæru Þorablótsgestir, við viljum líka þakka ykkur kærlega fyrir alveg stórkostlegt kvöld! Njarðvíkingar kunna svo sannarlega að skemmta sér!


Allt þið frábæra fólk, sjálfboðaliðar og starfsmenn sem gera svona kvöld að veruleika. Styrktaraðilar, Barþjónusta, Örn og SOHO, Maggi og Berglind hjá BM lausnum, Örvar Kristjáns eins og alltaf, Hebbi, Auddi og Steindi, Matti Matt og hljómsveit, Magnús bóndi, Ómar... TAKK!

Annállinn.. VÁ

Nefndin vill færa Árna Gunnlaugssyni sérstakar þakkir. Hann flutti fyrir okkur ÖLL tæki og tól svo hægt væri að gera salinn svona stórglæsilegan.

Einnig vill nefndin færa lögreglunni á Suðurnesjum sérstakar þakkir.

Að lokum vill Aðalstjórn UMFN þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn til þess að geta haldið svona glæsilegt blót, það þarf ansi mikið að ganga heim og saman til þess að þetta gangi allt upp, og sérstaklega er Þorablótsnefndinni sendar okkar bestu þakkir fyrir þeirra miklu vinnu við að landa þessu þrekvirki á jafn góðan máta og úr varð.



Trausti málarí ehf.
-Málameistari-
Sími: 861 5583 - Netfang: trausti@rafpostur.is

FRAKTFERÐIR
897-9557

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



60 ára afmæli Stapans

Með bjartsýnina að leiðarljósi

Til að rekja sögu Stapans þarf maður að fara alla leið aftur til ársins 1946. UMFN og KFN höfðu hug á því að eignast braggabyggingu er samanstóð af þremur bröggum sem voru leifar frá ameríska hernum eftir lok stríðsins.

Félögin voru bæði algjörlega fjárvana enda aðeins tveggja ára gömul og stofnuð á lýðveldisárinu. Þá komu til hjálpar tveir einstaklingar hér í hreppnum þeir Magnús Ólafsson í Höskuldarkoti og Sigurður Hilmarsson á Bergi. Þeir reiddu fram þær 30 þúsund krónur sem braggarnir kostuðu og lánuðu félögunum.

Braggarnir voru þrír, sá stærsti sirka 300 fermetrar sem var danssalur og annar sirka 170 fermetrar sem var notaður fyrir leikfimi og félagastarfsemi ýmiss konar. Sá þriðji stóð á milli hinna tveggja og var nýttur sem eldhús og geymslur. Þessi hús voru vígð 1947 og nefndust Krossinn.

Stærsti bragginn var notaður til dansleikjahalds og þar streymdu inn peningar í miklum mæli. Félögin réðu til sín umsjónarmann Ólaf Sigurjónsson sem reyndist slíkur happafengur að með ólíkindum var. Hann var á sama tíma formaður UMFN.

Ólafur var haldinn slíkum hugsjónaeldi sem vandfundinn er. Hann minnti mig oft á ameríska farandprestinn Martin Luther King sem þrammaði um Ameríku þvera og endilanga undir kjörorðinu: I HAVE A DREAM.

Tekjurnar af braggablúsnum voru slíkar að UMFN byggði nýjan grasvöll fyrir knattspyrnu af bestu gerð sem vígður var 1957 ásamt malarvelli. KFN byggði leikskólann Gimli og gaf ungum börnum til afnota. Sjö til átta árum eftir braggakaupin fannst stjórnnum félaganna að Krossinn væri farinn að láta á sjá og nýrra úrræða væri þörf. Þá kom upp hugmynd að byggingu félagsheimilis. Nýtt byggingarfélag var stofnað um framkvæmdina og þá kom bæjarfélagið inn í myndina með félögunum ásamt skátafélaginu með eitt prósent hlut og hin þrjú með 33% hvert félag.



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Coca-Cola

ÍSLENSKIR
ENDURSKOÐENDUR

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Leyfi til byggingarinnar var veitt af ríkinu árið 1957. Sigvaldi Thordarson var ráðinn arkitekt og hafist var handa við bygginguna árið 1958.

Farið var í hlutina af yfirvegum og allt framkvæmt fyrir eigið fé jöfnum höndum. Þveröfugt við milljónungana í dag „allt að láni og aldrei borgað“. Það dæmdist á Ólaf að hafa forystu um bygginguna ásamt öllum fjármálum. Hann réði að verkinu iðnaðarmenn úr öllum greinum, harðduglega jaxla sem hvergi létu deigan síga rétt eins og þeir hefðu smitast af draumsýn hugsjónamannsins. Árið 1960 var húsið orðið fokhelt og múrhúðað að utan. Síðan var lábygging norðan og vestan við húsið innréttuð. Þar var samkomusalur fyrir minni viðburði, fundarherbergi, bókasafn og íbúð. Var það tekið í notkun 1962 og 1963.



Áfram var haldið og nú var fram undan innrétting á aðalsalnum, inngangi, baðherbergjum, sérstakri aðstöðu fyrir hljómsveitir og alls sem laut að skemmtanahaldi. Í forstofu var komið fyrir stóru listaverki úr hraungrýti hönnuðu og uppsettu af listamanninum Ragnari Kjartanssyni. Utanhúss höfðu verið innsteypt listaverk á vegg hússins sem mikil prýði er af. Þetta hannaði listakonan Ásgerður Ester Búadóttir og hún málaði þetta síðan sjálf. Mér sjálfum hlotnaðist sá heiður að hræra málninguna og færa henni. Þetta sýndi manni hvílíkan metnað eigendur hússins höfðu gagnvart verkefninu.



Margar sögur væri hægt að segja hér af hugsjónarmanninum Ólafi. Hann flutti til dæmis allt parketgölf hússins á toppgrind jeppa sem hann átti sjálfur. Í lok flutninganna sást ekki lengur nein toppgrind bara útflattur járnhaugur. Málninguna utan á stórhýsið flutti hann úr Reykjavík einnig á bílnum sínum. Í einni ferðinni var hann búinn að fylla jeppann af málningu en brá sér aðeins frá og skildi bílinn eftir í gangi. Óprúttinn náungi í grenndinni stal bílnum sem síðan fannst utan vegar fyrir austan fjall. Sjá mátti tár á hvörmum Ólafs vegna taps á málningunni, hvarfið á bílnum eða hugsanlegrar skemmdir nefndi hann aldrei. En allt fór þetta samt nokkuð vel.



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Haustið 1965 var fólk hér í Njarðvík farið að fyllast spenningi. Spurst hafði að það ætti að vígja félagsheimilið bráðlega nánar tiltekið 23. október. Við opnun hússins var flestu til tjaldað til að gera vígsluna sem glæsilegasta. Þar var kynnt nafn hússins „Stapi“ og sýndist sitt hverjum. En flestir sættust við það nafn að lokum. Aðal vígsluræðuna flutti að sjálfsgöðu maðurinn með stóra drauminn Ólafur Sigurjónsson.



Þar sagði Óli „Þetta hús líkist álfahöll í draumi forfeðranna“. Hátíðisdeginum lauk svo með dansleik. Þar lék hljómsveitin Pónik og okkar ástsæli Einar Júlíusson. Fyrsta lagið var „Ég bauð þér á ball í Stapa á því var engu að tapa“ eftir Karl Hermannsson úr Keflavík. Þess má geta að Karl samdi þetta upphaflega á tímum Krossins sáluga fyrir aðra hljómsveit en þá hljóðaði textinn svona „Ég bauð þér á ball í Krossinn þar bauðst mér fyrsti kossinn“.





Staðurinn okkar þjónaði öllum Suðurnesjamönnum með alls konar menningu, fundarhöldum, leiksýningum, árshátíðum og dansleikjum í yfir 40 ár en þar kom að húsið þarfnast mikils viðhalds og endurnýjunar og hafði það drabbast mikið niður.

Þá mátti segja eins og Jónas Hallgrímsson forðum um Þingvelli „Nú er hún Snorrabúð stekkur“.

Endalokin urðu þau að Reykjanesbær keypti húsið.

Enn á ný reyndust vera til hugsjónarmenn hér í bæ með Árna Sigfússon bæjarstjóra í farabroddi. Húsið var stækkað og hlutverk þess endurskipulagt með nýjar þarfir og áherslur í huga. Hvergi var slegið af kröfum um gæði og frágang. Ég leyfi mér að halda að þetta hús sé það allra besta hér á landi í menningarlegu tilliti og að allt útlit og frágangur sé til fyrirmyndar.

Stapinn var, Stapinn er og Stapinn verður.

Hilmar Hafsteinsson



Óskum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Kæru Njarðvíkingar
Gledileg jól og takk fyrir árið



Sjáumst á því nýja

